

## Bæjarlíf – Skólalíf

### Skólasetning

Grunnskólinn í Þorlákshöfn var settur við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 22. ágúst sl. Að loknu ávarpi Guðrúnar Jóhannsdóttur skólastjóra gengu nemendur með umsjónarkennurum sínum til stofu, fengu stundaskrá og spjallað var um komandi vetur. Þá var tilkynnt að Sveitarfélagið Ölfus kaupir nú öll námsgögn fyrir nemendur og því engir bóka- og ritfangalistar afhentir. Þetta kemur mörgum fjölskyldum vel og ber að þakka.

### Heimsóknir- kynfræðingur og fleira.

Það sem af er skólaárinu höfum við þegar fengið nokkra gesti í skólann, m.a. kennara úr Vestmannaeyjum og aðilar frá Skólaláttun Norðurþings. Hæst ber þó heimsókn Siggú Daggar kynfræðings þann 5. september. Hún spjallaði í nokkrum hópum við alla nemendur í 6. – 10. bekk um kynlíf, kynhegðun, kynhneigð og fleira sem tengist því að vera kynvera. Starfsfólk fékk svo fræðslu síðar að deginum og foreldrafundur var í dagslok. Þetta var afar fróðlegt; opinskáar umræður og góð fræðsla um þessi mál er nauðsynleg, ekki síst nú á tímum fjölbreyttari og hispurslausari samskipta á netmiðlum.

### Haustferðir

Allir bekkir hafa nú farið í haustferðir. Það er skemmst frá því að segja að þær tókust allar mjög vel og voru farnar í veðurbliðu.

Yngsta stigið fór í tveimur hópum, sitt hvorn daginn í byrjun september, á Þjóðminjasafnið. Þar fengu börnin fræðslu um safnið og muni þess auk þess sem þau máttu að handleika gamla hluti og prófa aldagömul verkfæri. Ferðin tókst afar vel og var bæði fróðleg og skemmtileg.

Sama má segja um haustferð miðstigs á Árbæjarsafnið. Þar fóru börnin í skemmtilegan ratleik um safnið og fræddust um leið um forna heimilis- og búskaparhætti. Þau höfðu mjög gaman af þessari ferð, ekki síst að stoppa í Heiðmörk á heimleiðinni og borða nestið sitt í haustbliðu eins og hún verður best á Íslandi.

Unglingastigið fór í sína haustferð á Þingvelli. Þar tók fræðslufulltrúi Þjóðgarðsins á móti þeim og gengið var um helstu sögustaði, sagt frá sögulegum viðburðum og einstökum náttúruperlum. Almannagjá, Lögberg, Drekkingarhylur, Öxarárfoss og Hakið voru staðir sem margir höfðu ekki heimsótt áður. Eins og hinar ferðirnar var þessi afar vel heppnuð. Uppgjör hennar fór svo fram nokkrum dögum síðar þegar krakkarnir buðu foreldrum sínum í morgunkaffi og skoruðu á þá í spurningakeppni um Þingvelli. Það er skemmst frá því að segja að nemendur höfðu betur í keppninni svo eitthvað af fræðslunni hefur greinilega skilað sér!

### Nýir starfsmenn

Nokkrir nýir starfsmenn tóku til starfa við skólann í haust. Ágúst Ólason er umsjónarkennari, Karl Ágúst Hannibalsson íþróttakennari, Ásta Kristín Ástráðsdóttir grunnskólakennari og Torfi Hjörvar Björnsson smíðakennari. Þrír nýir skólaliðar tóku til starfa; Erla Dan Jónsdóttir, Vigdís Lea Kjartansdóttir og Þórunn Jónsdóttir – en gaman er að segja frá því að þær eru allar fyrrverandi nemendur skólans.

## **Haustverkin og heimalestur**

Nokkur atriði teljast til hefðbundinna haustverka í grunnskólum. Það er kosning í ýmsar nefndir og ráð hjá nemendum og starfsfólki. Einnig eru samræmd próf lögð fyrir í 4. og 7. bekk og íþróttakennslan fer að miklu leyti fram utan dyra fyrstu vikunnar og nýtt útivistarval í 8.-10. bekk hefur farið í skemmtilegar gönguferðir á fjöll og aðrar merktar gönguleiðir nú á haustdögum.

Þetta haustið fórum við af stað með tvö átaksverkefni í skólanum. Við ætlum að leggja aukna áherslu á lestur og virkja heimilin með okkur í því þannig að ALLIR nemendur lesi heima fimm sinnum í viku. Vonumst við til að forráðamenn taki því vel og hjálpi okkur við að bæta lestrarfærni barnanna.

Þá verður framhaldið verkefninu um minni matarsóun. Gengið hefur verið skrefinu lengra, því nú verður vigtaður sá matur sem fer í ruslið frá hverjum bekk og metnaður lagður í að hafa töluna sem lægsta.

Hér er fátt eitt talið úr fjölbreyttu og skemmtilegu skólastarfi Grunnskólans í Þorlákshöfn við upphaf skólaárs. Vonandi eigum við góðan vetur fyrir höndum.

Bestu kveðjur frá nemendum og starfsfólki,

Sigprúður Harðardóttir